

# Ársskýrsla Hraunsins 2012-2013

---

## Inngangur

Félagsmiðstöðin Hraunið stendur fyrir fjölbreyttu starfi með nemendum í 5.-10. bekk í Víðistaðaskóla. Félagsmiðstöðin er staðsett í sérhúsnæði í kjallara íþróttahúss skólans en hefur annars aðgang að rýmum skólans að skóladegi loknum. Verkefnisstjóri Hraunsins er jafnframt frístundaheimilinn Hraunkots í Víðistaðaskóla og Álfahrauns í Engidal. Hraunið er aðili að Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, Samfés.

## Markmið

Markmið Hraunsins eru öllum aðgengileg á heimasíðu Hraunsins, [www.hraunid.is](http://www.hraunid.is). Fyrst og fremst reynir Hraunið að gefa öllum nemendum í unglingsátt Víðistaðaskóla tækifæri til að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf með því að halda úti fjölbreyttri dagskrá sem höfðar til sem flestra. Starfsmenn ýta undir að nemendur sýni frumkvæði og hvetja þá til að taka ábyrgð og sína sjálfstæði í vinnubrögðum undir merkjum unglingsáttaræðis. Þá er leitast við að ná til þeirra unglings sem ekki stunda heilbriggt tólmundarstarf eða teljast til áhættuhóps.

## Markhópur og opnunartímar

Starfsemi Hraunsins miðast fyrst og fremst við nemendur í 8.-10. bekk, þ.e. aldurinn 13-16 ára. Í vetur voru 214 nemendur skráðir í 8.-10. bekk. Þá er opið fyrir nemendur í 5.-7. bekk einu sinni í viku. Í vetur voru 226 nemendur skráðir í 5.-7. bekk.

Opnunartímar Hraunsins veturinn 2011-2012 voru sem hér segir:

	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Föstudagar
Síðdegi	15:00-17:00 <sup>1</sup>	17:00-19:00 <sup>2</sup>	17:00-19:00 <sup>2</sup>
Kvöld	19:00-22:00	19:00-22:00	19:00-22:00

<sup>1</sup> Seinnipartinn á þriðjudögum var opið fyrir 5.-7. bekk. Annan hvern þriðjudag var opið lengur fyrir ákveðna hópa til kl. 19:00 en hinn þriðjudaginn var starfsmannafundur.

<sup>2</sup> Seinnipartinn á miðvikudögum og föstudögum var hópastarf fyrir 8.-10. bekk.

Að auki hafði verkefnisstjóri umsjón með starfi nemendafélags Víðistaðaskóla og Hraunsins í samstarfi við félagsstarfskennara skólans. Nemendafélagið fundaði alla mánudaga kl. 12:15-12:40. Þá var veitt hópliðveisla í aðstöðu Hraunsins fyrir nemendur í 1.-7. bekk alla fimmtudaga frá kl. 16-19.

## Innra starf

Á kvöldin eru ýmisst opin hús eða sérstaklega auglýst dagskrá í Hrauninu. Fjölbreytt starf laðar að sér fjölbreyttan hóp unglunga en alltaf má búast við því að fastagestirnir líti við. Hefð er fyrir hinum ýmsu viðburðum, s.s. böllum á vegum nemendafélagsins, árshátíð, söngleik á vegum 10. bekkjar og viðburðir á vegum ÍTH eða Samfés sem eru alltaf vel sóttir.

Í vetur var starfandi sértækt hópastarf fyrir stráka en illa hefur gengið að koma af stað klúbbum sem eru knúnir áfram af áhuga unglunganna, ef frá er talinn söngleikurinn. Starfsmenn vilja endurvekja klúbbastarfið eftir áhuga unglunganna næsta vetur og láta hvern klúbb starfa í stuttan tíma.

Hefð er fyrir því að 10. bekkjar setji upp söngleik á hverju ári til að safna fyrir útskriftarferð. Strax í nóvember var hafinn undirbúningur að uppsetningu á söngleiknum Welcome to the Jungle. Um jólin var sýnt stutt brot úr sýningunni á jólaskemmtun, í febrúar var sýnt stutt brot á grunnskólahátíð og í mars var sýningin fullgerð og fimm sýningar sýndar fyrir fullu húsi í íþróttasal skólans. Vinna við verkefnið er greidd af félagsmiðstöðinni og skólanum í hlutfallinu 40/60 en starfsmenn Hraunsins hafa iðulega komið að þessu verkefni. Ásta Júlía Elíasdóttir leikstýrði sýningunni í ár en Hreinn Andri Stefánsson sá um tónlistarstjórn. Söngleikurinn heldur starfi Hraunsins í heljargreipum þar sem verkefnið tekur töluverðan tíma og aftur og aftur þarf að rífa hópinn í gang til undirbúnings. Lagt er til að næsta vetur verði verkefnið klárað í nóvember.

Grettistaki hefur verið lyft í tækjamálum félagsmiðstöðvarinnar í vetur. Eftir síðasta vetur átti nemendasjóðurinn fyrir PlayStation 3 tölvu sem hefur nýst vel í vetur. Þá keypti fimmtudagshópurinn Nintendo Wii leikjatölvu og samkomulag er um að unglingarnir fái að nota tölvuna í sínu starfi. Ástand innanstokksmuna er hinsvegar lélegt, sófar sem okkur hafa verið gefnir götóttir og þythokki- og borðtennisborð í lélegu ástandi þrátt fyrir góða viðleitni við að reyna að halda þeim í góðu lagi. Hinsvegar var skipt um dúk á billiardborðinu á árinu.

## Starfsmannamál

Nokkur endurnýjun var á starfsmannahópi Hraunsins veturinn 2012-2013 en starfsmenn hafa þó mikla reynslu eða eru háskólanemar sem ætla sér að starfa með börnum og unglungum í framtíðinni. Í vetur störfuðu fimm leiðbeinendur í mismunandi starfshlutfalli en markmið verkefnisstjóra var að fækka starfsmönnum og auka starfshlutföll: Ásta Júlía Elíasdóttir 42%, Hreinn Andri Stefánsson 20%, Íris Berg Bryde 26%, Magnús Guðjónsson 25% og John F. Bond 60%.

Starfsmannafundur voru að jafnaði hálfsmánaðarlega. Viðbúið er að langflestir haldi áfram störfum í Hrauninu næsta vetur.


## Samstarf

Frábært samstarf er við stjórnendur, kennara, umsjónarmann, námsráðgjafa og annað starfsfólk Víðistaðaskóla. Verkefnisstjóri hefur ekki verið boðaður á nemendaverndarráðsfundi í vetur. Verkefnisstjóri hitti fulltrúa foreldra 10. bekkja í janúar til að móta samstarf í kringum söngleikinn. Í


maí fékk Hraunið styrk frá foreldrafélaginu til að kosta fræðslu um kynlíf. Heilmikið samstarf er á milli félagsmiðstöðva innan Hafnafjarðar og verkefnisstjóri hefur reynt að vera í góðu samstarfi við samtök félagsmiðstöðva og Hraunið tekið þátt í flestum viðburðum Samfés.

## Aðsóknartölur


Fjöldatölur hafa verið skráðar í dagbók eftir bestu getu en alltaf vantar einhverjar tölur inn á milli.



Mynd 1. Hér má sjá allar mætingar í Hraunið veturinn 2012-2013, samtals 7470 heimsóknir, borið saman við veturinn á undan. Fjöldatölur vegna æfinga á söngleiknum eru áætlaðar út frá æfingaplani en veturinn 2011-2012 voru fjöldatölur vegna söngleiksins ekki skráðar.



Mynd 2. Hér má sjá mætingar í Hraunið veturinn 2012-2013 skipt eftir kyni og tíma dags.



Mynd 3. Hér má sjá mætingar í 10-12 ára starf Hraunsins. Samtals 1058 heimsóknir.

## Lokaorð

Í vetur gerðum við tilraun með að hafa opið á þriðjudögum í stað mánudaga. Sú breyting hefur komið mjög vel út og best fyrir áramót þegar aðstoðarverkefnisstjóri var laus frá skóla á mánudögum og gat undirbúið vikuna í samstarfi við verkefnisstjóra. Tilgangurinn með þessari breytingu var að reyna að brjóta upp mynstur opnunartímans í Hrauninu sem virtist fylgja æfingatímum unglinganna.

Vilji undirritaðs að byrja starfið fyrr en venja er í Hafnarfirði. Starf félagsmiðstöðvarinnar ætti að byrja um leið og skólinn og vera meira í takt við skóladagatalið. Þá daga sem skólinn er lokaður er lítið um að vera í Hrauninu og mögulega væri hægt að hafa lokað þá daga en færa þá framfyrr og opna fyrr.

Í vetur höfum við lagt sérstaka áherslu á starf fyrir 10-12 ára hópinn í félagsmiðstöðinni. Þar er framtíðarnotendahópurinn okkar og ef það er ekki skemmtilegt og spennandi starf í boði fyrir þau er ólíklegt að þau komi til með að finnast það spennandi að koma í félagsmiðstöðina þegar þau verða eldri. Hinsvegar þarf að skipta þessum hóp upp og bjóða upp á sérstakt starf fyrir 7. bekk sem finnur lítinn samhljóm með 5. bekk og vill ekki mæta á sama tíma og þau. Það höfum við reynt í vetur með því að hafa endrum og sinnum opið lengur fyrir þau. Þá væri áhugavert að gera tilraunaverkefni að svokallaðri frístundabru þar sem nemendur í 5. bekk í félagsmiðstöðinni og nemendur í 4. bekk í frístundaheimilinu myndu hittast í félagsmiðstöðinni í sérstakri dagskrá. Innaf aðstöðu Hraunsins er innangengt í lyftingasal sem er lítið notaður af skólanum. Það er vilji verkefnisstjóra að félagsmiðstöðin fái það herbergi til afnota fyrir hópastarf og aðstöðu fyrir eldri nemendur í frístundaheimilinu.

Hafnarfirði, 30. maí 2013

Andri Ómarsson, verkefnisstjóri